

## 4. Viðbragðsleiðbeiningar: Hópslys - almennt

---

### 4 Hópslys

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirráðum hennar.

Hópslys geta verið slys í húsnæði skólans, viðburði á vegum skólans eða í skipulagðri ferð.

Mikilvægt er að enginn hópur nemenda ferðist frá skóla án þess að nöfn og nánustu aðstandendur séu skráðir á lista yfir þá sem eru í ferðinni. Listinn skal vera aðgengilegur fyrir neyðarteymi skólans fyrirvaralaust ef á þarf að halda í skólastofnuninni sjálfri og starfsmaður í ferð skal hafa afrit af listanum meðferðis.

Sé farið í ferð á vegum skólans skal starfsmaður skóla yfirfara þessar leiðbeiningar áður en ferð hefst og hafa þær með í för.

### Almennar leiðbeiningar

- Hringja í 112 og óska eftir lögreglu, upplýsa um hvað gerðist, hvernig, hvenær og u.þ.b. hversu margir slasaðir
- Starfsmaður skóla stýrir á vettvangi þar til viðbragðsaðilar koma og virkjar þá til aðstoðar sem tilbúnir eru til þess
- Koma í veg fyrir frekari slys
- Veita almenna skyndihjálp <https://skyndihjalp.is/namsefni/appid/>
- Veita almenna áfallhjálp ef mögulegt er
- Veita viðbragðsaðilum þær upplýsingar sem beðið er um
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Fara á söfnunarsvæði þolenda (SSP)
- Ekki fara af söfnunarsvæði þolenda án þess að láta skrá nafn og hvert er farið

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.

Farið eftir leiðbeiningum úr 11. kafla „Viðbrögð við áföllum“.